


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08.2011	BAF 401 Aflrás – gírkassar Kennsluáætlun haust 2013	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 1		

Kennari	Haraldur Vilhjálmsson	Sk.st.	HÁV
----------------	-----------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Fjallað er um hvað geti valdið bilunum eða ótímabæru sliti í kúplingu. Farið er yfir helstu aðgæsluatriði við ísetningu á kúplingu, þ.e. miðjustillingu, skekkju eða kast vélahluta og olíuleka. Kynntar eru mismunandi gerðir færslubúnaðar frá fetli í kúplingu. Gerðar eru athuganir og prófanir á gírkassa og festingum þar sem gírkassi er tekinn úr ökutæki, tekinn í sundur, skoðaður, settur saman, settur aftur í ökutæki og prófaður. Farið er yfir hvernig haga skuli reynsluakstri. Þá er farið yfir skrúffestingar (bolta og rær), stillingar og notkun loftverkfæra. Áhersla er lögð á öryggi við vinnu undir ökutæki og hreinlæti, vinnuhraða og öguð vinnubrögð.

Markmið:

Nemandi þekki: Tæknileg aðgæsluatriði við vinnu við kúplingu og gírkassa. Öryggis atriði við vinnu undir bifreið við kúplingu og gírkassa. Mismundi gerðir Færslubúnaðar frá fetli í kúplingu.

Nemandi geti: Metið ástand kúplingar, skipt um og stillt. Akstursprófað gírkassa og kúplingu og lagt fyrsta mat á ástand búnaðarins. Tekið gírkassa úr ökutæki, tekið hann í sundur, gert við eða skipt um íhluti, sett saman aftur og sett í ökutækið.

Námsgögn:

Modern Automative Technology 1 útgáfa 2006.

Ritstjóri þýsku útgáfunnar er Rolf Gscheidle, Studiendirektor, Winnenden- Stuttgart.

Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004

Áætlun um yfirferð:

Nemendum kynnt efni lotunnar sem er að bilanagreina gírkassa, taka þá í sundur, mæla slithluti í þeim og setja þá saman aftur. Þeir læra að bilanagreina gírkassa í ökutæki og hvernig gírkassi er tekinn úr ökutæki. Þeir taka gírkassann í sundur, mæla hann upp, bilanagreina og setja saman aftur þannig að hann virki eða eru með fullnægjandi skýringu af hverju ekki. Nemendur gera 1. Skriflegt verkefni í lotunni. Skiladagur fyrir verkefnið er fyrir lok lotunar. Berist verkefni eftir að skiladegi lýkur er hámarks einkunn 5. Hafi verkefni ekki verið skilað 5 dögum eftir að skiladegi lýkur er einkunn 0.

Verkefni:

1 skýrsla um vinnuna í lotunni. 1 verklegt próf.

Námsmat og vægi námsþátta:

Skýrsla 40 %. Verklegt próf 40%. Ástundun 20%.


Annað:

Einkunn fyrir liðinn ástundun byggist þannig upp hafi nemandi minni viðveru en 90% er hámarks einkunn 5 ef nemandi hefur 79% viðveru eða minna er einkunnin 0. Ef nemandi hefur 100% viðveru en sýnir lítin áhuga á þeim verkefnum sem unnið er að eða vinnur þau ekki að mati kennara lækkar þessi einkunn og getur einnig endað í 0. Sé um veikindi að ræða gilda almennar reglur skólans.

Dagsetning: 20.8.2013



Undirritun kennara



Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils